



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2005

Efnisyfirlit

<i>Starfsemin árið 2005</i>	3
Fjármögnun	3
<i>Nýir aðilar að Starfsmennt</i>	4
<i>Námskeið og þátttakendur</i>	4
<i>Ný heimasíða, upplýsingakerfi og gagnagrunnur</i>	4
Útgáfumál og auglýsingar	5
<i>Framtíðaráform og fyrstu skref</i>	5
<i>Einstök námskeið</i>	5
Samstarfsaðilar – umsjón verkefna	5
Starfsnám stuðningsfulltrúa	6
Framrás	6
Rekspölur	6
Félagsliðanám	6
Skýrt og skorinort - starfsmannasamtöl	6
Brú hjúkrunar- og móttökurítara	6
Læknaritarar	7
Umsjónarmenn fasteigna	7
Kennslufræðinámskeið fyrir kennara Starfsmenntar	7
Stytttri námskeið	7
Tölvur og tölvunotkun	7
Járnsíða	7
<i>Ráðgjöf og ný þjálfunarverkefni</i>	8
Ráðgjafi að láni	8
<i>Tilrauna- og þróunarverkefni</i>	8
Að brúa bilið	8
<i>Lokaorð</i>	9

Starfsemin árið 2005

Árið 2005 var fjórða heila starfsár Fræðslusetursins Starfsmenntar. Þau verkefni sem setrið hefur haft með höndum á undangengnum árum voru áfram á verkefnaskrá setursins. Að auki litu ný námskeið dagsins ljós, sem og ný verkefni.

Eins og áður hefur setrið lagt ríka áherslu á vandaðan undirbúning verkefna og með því stefnt að því að hámarka gæði námskeiða og veittrar þjónustu. Miðað við mat þátttakenda á námskeiðum setursins, forstöðumanna stofnana sem tekið hafa þátt í samvinnuverkefnum og endurgjöf samstarfsaðila, má halda því fram að setrið hafi unnið vel að þessari stefnu sinni.

Nokkrar breytingar urðu á innra starfi setursins og ber þar hæst að Helga Zoëga hætti störfum í maí og hélt til framhaldsnáms til Bandaríkjanna. Þann 1. september kom síðan Brynhildur Björnsdóttir til starfa. Brynhildur er menntaður stjórn málafræðingur frá Háskóla Íslands og var ráðin í 50% starfshlutfall. Vegna aukinnar starfsemi og umsvifa starfsins var ljóst að bæta þyrfti við öðrum starfsmanni. Var tekin sú ákvörðun að bíða með þá ráðningu fram til 1. janúar 2006.

Stjórn setursins var óbreytt frá árinu 2004, en hana skipuðu:

Aðalmenn:

- ✓ Árni St. Jónsson formaður (SFR)
- ✓ Guðmundur H. Guðmundsson varaformaður (Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins)
- ✓ Arna Jakobína Björnsdóttir (KJÖLUR)
- ✓ Ásgeir M. Kristinsson (Vegagerðin – tilnefndur af fjármálaráðuneyti)

Varamenn:

- ✓ Jóhanna Þórdórsdóttir (SFR)
- ✓ Ásta Lára Leósdóttir (Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins)
- ✓ Jakobína Þórðardóttir (StRv)
- ✓ Sonja María Hreiðarsdóttir (Starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins).

Framkvæmdastjóri var Þórarinn Eyfjörð.

Stjórnin hélt 7 fundi á árinu, sem er fimm fundum færri en á árinu 2004. Fækkun funda milli ára skýrist af önnum stjórnarmanna við gerð kjarasamninga sem gerðir voru á árinu.

Skoðunarmenn ársreikninga fyrir aðila setursins voru þeir Eyjólfur Magnússon (tilnefndur af SFR) og Jón Ingi Hilmarsson (tilnefndur af Samflotinu)

Löggiltir endurskoðendur voru frá endurskoðunarskrifstofunni Ernst & Young

Fjármögnun

Í fjárhagsáætlun fyrir 2005 var gert ráð fyrir að rekstrargjöldin á árinu myndu nema **88.391.641.-** kr. Gjöld ársins urðu hins vegar **54.353.969.-** kr. Ástæður þess að útgjöldin urðu lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir skýrast fyrst og fremst af því að ekki

voru gangsett öll þau verkefni sem áætlað var og umfang annarra var í nokkrum tilfellum ekki eins mikið og áætlanir gerðu ráð fyrir.

Drjúgur hluti framlaga til setursins á árinu komu frá Þróunar- og símenntunarsjóði SFR og Þróunar- og símenntunarsjóði Samflotsins. Framlag Þróunar- og símenntunarsjóðs SFR nam um **29.44%** (42.3% 2004) af tekjum ársins en Þróunar- og símenntunarsjóðs Samflotsins um **3.75%** (4.5% 2004). Tekjur af námskeiðsgjöldum og verkefnatekjum voru um **4.8%** (5.8% 2004). Afgangurinn, eða um **62.66%** (47.4% 2004), kom sem 0.25% framlag frá atvinnurekendum samkvæmt kjarasamningi. Framlög frá Þróunar- og símenntunarsjóðunum grundvallast á því að þar eru sjóðirnir að vísa framkvæmd verkefna til Starfsmenntar.

Nýir aðilar að Starfsmennt

Nokkrar breytingar urðu á samsetningu aðildarféлага Starfsmenntar á árinu. Var þar um að ræða að nokkur bæjarstarfsmannafélög sameinuðust undir merkjum KJALAR – stéttarfélags starfsmanna í almannajónustu. Ennfremur bókuðu nokkur stéttarfélög í kjarasamningum sínum á árinu að þau ættu möguleika á aðild að félaginu: Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins, Starfsmannafélag stjórnarráðsins og Starfsmannafélag Flugmálastjórnar.

Námskeið og þátttakendur

1688 þátttakendur skráðu sig til þátttöku á námskeiðum og þjálfunarverkefnum Starfsmenntar á árinu 2005 (727 á árinu 2004). Námskeiðin voru fjölbreytt og voru haldin víða um land, bæði staðbundin og send til þátttakenda í gegnum netskóla. Jafnframt tóku margir þátt í verkefninu *Ráðgjafi að láni*, þar sem ráðgjafar virkjuðu starfsmenn og stjórnendur þátttökustofnana í verkefna- og hópavinnu við framkvæmdina.

Yfirlit yfir námskeið og staðsetningu þeirra er að finna aftast í skýrslu þessari. Athygli er vakin á því að Starfsmennt skipti um gagnagrunnskerfi í október síðastliðnum. Töflurnar sem vísað er í eru annars vegar unnar upp úr kerfinu sem notað var fram til októbermánaðar (Access grunnur) og hins vegar upp úr EC-Web gagnagrunnskerfinu sem tekið var í notkun á árinu og fjallað verður um í næsta kafla.

Ný heimasíða, upplýsingakerfi og gagnagrunnur

Árið 2004 var ákveðið að hefja undirbúningsvinnu að nýrri heimasíðu. Með þeirri ávörðun var stefnt að því að stórauka netlæga þjónustu og upplýsingagjöf og var áætlað að ný heimasíða yrði tilbúin 2005. Gengið var til samninga við Íslensk fyrirtæki / EC-Web um hönnun og smíði nýrrar heimasíðu, upplýsingakerfis og gagnagrunns.

Markmið Fræðslusetursins Starfsmenntar vegna kerfisins hafa frá upphafi verið mjög metnaðarfull. Mikil vinna var í upphafi lögð í greiningarvinnu og stefnt að afar öflugri getu kerfisins. Auk þess var lögð mikil áhersla á einfaldleika, fjölbreytni og skýrleika, sem og að birting heimasíðunnar yrði sérstaklega notendavæn.

Allt utanumhald, utanumhald upplýsinga og miðlun þeirra, skráning þátttakenda, kynning námskeiða og yfirlitt allt sem snýr að umsjón og verkstýringu námskeiða og þjálfunarverkefna, er nú í allt öðrum og betri farvegi en áður. Mikill vinnusparnaður

fylgir nýju kerfi auk þess sem að öll framsetning er mun faglegri, árangursríkari og notendavænni.

Nokkrir mikilvægir þættir eru enn í vinnslu og samsetningu innan kerfisins. Má þar nefna sjálfvirkt matskerfi og sjálfvirkt staðfestingarkerfi fyrir þátttakendur. Stefnt er að því að allt kerfið verði tilbúið í júní 2006. Í framhaldi þess verður kerfið í eðlilegri þróun og mun taka breytingum eftir áherslum setursins á hverjum tíma.

Útgáfumál og auglýsingar

Dreifing kynningarbæklinga (Mannauðsstjórnun og Ráðgjafi að láni) fór fram með öflugum hætti á árinu. Öllum stofnunum voru sendir bæklingar, auk þess sem setrið lét prenta smábækling og auglýsingar vegna sérstakrar dreifingar. Þar var um að ræða auglýsingablöð til aðildarfélaga, smábæklinga til þátttakenda á námskeiðum og slíkt.

Setrið auglýsti eftir venju í prentmiðlum. Þar er um að ræða félagstíðindi aðildarfélaga, námsskrár samstarfsaðila og dagblöð.

Framtíðaráform og fyrstu skref

Í janúar 2004 skilaði vinnuhópur um stefnumótun og framtíðarsýn skýrslu sinni *Framtíðaráform og fyrstu skref*. Í skýrslunni voru settar fram hugmyndir um uppbyggingu Fræðslusetursins Starfsmenntar sem samstarfsvettvangs ríkisins, BSRB-félaga og BHM-félaga í starfsþróun og endur- og símenntunarmálum. Skýrslan var víða kynnt innan vébanda umræddra aðila og hlaut góðar viðtökur. Henni var ætlað að vera undirbúningsplagg vegna samningsgerðar aðila á árinu og færa fram hugmyndir um framtíðaruppbyggingu í málaflokknum. Í kjarasamningsviðræðum sem lauk með samningsgerð á árinu 2005 náðust umrædd markmið ekki.

Einstök námskeið

Samstarfsaðilar – umsjón verkefna

Rekstraraðferð Starfsmenntar í einstökum námskeiðum er í flestum tilvikum að fá til samstarfs fræðsluaðila, sem hafa umsjón með námskeiðunum og geta þjónustað þau samkvæmt þeim gæðakröfum sem setrið setur. Þeir fræðsluaðilar sem setrið var í slíku samstarfi við á árinu 2005 voru:

Framvegis – miðstöð um símenntun í Reykjavík
Endurmenntun HÍ
Áskorun ehf
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar – SÍMEY
Fræðslunet Austurlands
Símenntunarmiðstöðin Vesturlandi
Fræðsluver GG ehf
Símennt.is
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Iðntæknistofnun
Borgarholtsskóli
Fjölbrautaskólinn við Ármúla
Þekkingarmiðlun ehf
Verslunarskóli Íslands

Starfsnám stuðningsfulltrúa

Starfsnám stuðningsfulltrúa var rekið með hefðbundnum hætti í Reykjavík. Framvegis - miðstöð um símenntun í Reykjavík, hefur verið móðurstöð þessa náms. Það hefur haft jafna og góða aðsókn og boðið er bæði upp á grunn- og framhaldsnámskeið á hvorri önn. Engin merki voru sjáanleg um að eftirspurn væri að minnka á námskeiðin í Reykjavík.

Framrás

Framrásarnámskeiðin skiptast í þrjár sjálfstæðar línur, sem eru Framrás 1, Framrás 2 og Framrás 3. Námskeiðin eru sérstaklega ætluð fólki í skrifstofustörfum hjá ríkinu. Frá upphafi hefur Endurmenntun HÍ verið umsjónaraðili námsins í Reykjavík en á Akureyri er SÍMEY umsjónaraðili og á Austurlandi er Fræðslunet Austurlands umsjónaraðili.

Rekspölur

Rekspölur, almennt starfsnám fyrir starfsmenn ríkisins, hefur verið í gangi í allnokkur ár. Rekspölur skiptist í tvær sjálfstæðar einingar, I og II. Um alllangt skeið voru námskeiðin í umsjá Fræðsluvers GG, en á árinu tók Framvegis – miðstöð um símenntun við umsjóninni. Námskeiðin eru dreifnám, það er að segja bæði staðbundin og á netinu og fer nethlutinn nú í gegnum WebCT vefnámsumsjónarkerfi Verslunarskóla Íslands samkvæmt samkomulagi sem gert hefur verið þar um. Námsfernið sem sett var inn í kerfið fyrir nemendur á Rekspeli var í bland nýtt efni og endurunnið frá fyrri tíð. Hefur þetta fyrirkomulag reynst afar vel og samstarfið við VÍ gengið vel.

Félagsliðanám

Á árinu voru tvær bekkjardeildir í staðbundnu námi félagsliða, en í því námi er starfsreynsla stuðningsfulltrúa og starfstengd námskeiðspáttaka metin til styttingar á námi til félagsliða. Byrjunarhópur frá hausti 2004 hóf sitt seinna námsár á haustönn 2005 og þá byrjaði einnig nýr hópur í námi. Námið fer fram í Borgarholtsskóla og er síðdegisnám með vinnu.

Ennfremur hófum við keyrslu á dreifnámi fyrir sama hóp, en þá samanstendur námið af fjarnámi og staðbundnum lotum. Til þessa verkefnis fékk Félag stuðningsfulltrúa innan SFR stuðning frá Starfsmenntaráði og var gengið frá því með sérstöku samkomulagi að Starfsmennt yrði umsjónaraðili styrksins og Borgarholtsskóli umsjónaraðili á uppbyggingu námsins. Einn hópur hóf nám á haustönn 2005 og hefur námið gengið vel. Báðar þessar námsleiðir hafa notið fulltingis Þróunar- og símenntunarsjóðs SFR.

Skýrt og skörinort - starfsmannasamtöl

Fræðslusetrið Starfsmennt hefur haldið áfram að bjóða upp á námskeið í starfsmannasamtölum á árinu og voru þau kölluð *Skýrt og skörinort*. Námskeiðin voru boðin þeim stofnunum sem hafa tekið þátt í verkefninu *Ráðgjafi að láni* eins og áður, en auk þess þá voru námskeiðin boðin stofnunum óháð því hvort þau hafa tekið þátt í RAL eður ei. Það var Þekkingarmiðlun ehf. sem var umsjónaraðili námskeiðanna og fóru þau að mestu fram í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi og hjá stofnunum sjálfum. Mjög góður rómur hefur verið gerður að þessu verkefni.

Brú hjúkrunar- og móttökurítara

BRÚ hjúkrunar- og móttökurítara hefur verið keyrð í samvinnu við Fjölbrautaskólann við Ármúla og með fulltingi Þróunar- og símenntunarsjóðs SFR. Eins og áður hefur sjóðurinn falið Starfsmennt að koma að skipulagningu og stuðningi við námið í samstarfi við fjölbrautaskólann. Í FÁ er námið hýst og keyrt samkvæmt námsskrá.

Læknaritara

Á vettvangi - sí- og endurmenntun fyrir starfandi læknaritara hefur verið í góðum gangi. Haldin voru námskeið bæði í Reykjavík og á Akureyri og tókust þau mjög vel. Á Akureyri voru námskeiðin í umsjón Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar en í Reykjavík voru þau vistuð hjá Framvegis – miðstöðvar um símenntun. Eins og áður segir ríkti mikil ánægja með námið meðal þátttakenda.

Umsjónarmenn fasteigna

Á árinu 2005 var haldið eitt námskeið fyrir umsjónarmenn fasteigna og var um að ræða framhaldsnámskeið. Samstarfsaðili Starfsmenntar var löntæknistofnun og fór námið fram þar.

Kennslufræðinámskeið fyrir kennara Starfsmenntar

Í upphafi haustannar 2005 var ákveðið að bjóða upp á námskeið í kennslufræðum fyrir starfandi kennara á vegum Starfsmenntar. Námið var skipulagt í samstarfi við Kennaraháskóla Íslands og var Hróbjartur Árnason aðalleiðbeinandi. Hvati þess að halda þetta námskeið var helst sá að margir sérfræðingar innan sýslumannsembættanna voru að koma sem kennarar í fyrsta sinn í tengslum við Járnsíðu. Námskeiðið heppnaðist afar vel og hafa kennarar setursins lýst yfir mikilli ánægju með að hafa aðgang að þessari kennsluþjálfun.

Stytttri námskeið

Á árinu hófum við keyrslu námskeiða sem kölluð hafa verið einu nafni Stytttri námskeið. Hefur þar verið um að ræða námskeið eins og Sjálfsmat og samskipti, Starfsmannasamtöl, Velliðan í vinnunni, Vinnufélagarnir – ég og hópurinn, Framúrskarandi þjónusta o.s.frv. Mismikill áhugi hefur verið á námskeiðunum en mikil ánægja hefur verið með námskeiðin sem haldin hafa verið í þessum flokki.

Tölvur og tölvunotkun

Starfsmennt bauð á árinu upp á sértækt tölvunám: Tölvur og tölvunotkun. Námskeiðið, sem er sambland af fjarnámi, netnámi, bréfaskóla og einkaþjálfun, er rekið í samvinnu við Tölvuskólann Nemanda og Bjartmar Kristinsson tölvukennara. Námskeiðið hefur hlotið einstaklega góðar undirtektir. Þetta er 10 vikna tölvunámskeið þar sem engar forkröfur eru gerðar til tölvuþekkingar og engin krafa er gerð um sérútbúnað í tölvu. Nemendur fá námsgögn send í pósti, kennslubækur og geisladiska og sækja einnig eftir leiðsögn kennslumyndbönd af internetinu. Auk þess er nemendum fylgt eftir símleiðis og þeir hafa aðgang að þjónustusíma sem er opinn 9-21 virka daga. Námskeiðið er hannað frá grunni með hliðsjón af staðli Skýrslutæknifélags Íslands fyrir svokallað TÖK próf (sam-evrópskur staðall um grunn-tölvukunnáttu).

Járnsíða

Járnsíðu – skóla fyrir starfsmenn sýslumannsembættanna var formlega hleypt af stokkunum haustið 2005 eftir liðlega tveggja ára undirbúning. Markmiðið með verkefninu var að koma í gagn við heildstæðu þjálfunar- og lærdómskerfi fyrir starfsmenn sýslumannsembættanna hringinn í kringum landið. Upphaf verkefnisins má rekja til vorsins 2003 þegar tekin var upp umræða um útfærslu námskeiðsákvæða í kjarasamningum þeim sem gerðir voru 2001.

Í stofnanasamningi milli SFR – stéttarfélag í almannþjónustu og sýslumannsembættanna var ákvæði þar sem launabróun starfsmanna var miðuð við þátttöku þeirra í námskeiðum. Lagt var til grundvallar að þegar starfsmaður hefði tekið þátt í námskeiðum í tiltekinn tímafjölda, átti viðkomandi rétt á launahækkun. Þegar Starfsmennt tók formlega til starfa í október 2001 var búið að framkvæma

fyrsta hluta ákvæðisins og halda eitt 60 stunda námskeið. Þátttakendum þótti námskeiðið takast illa og orðspor þess var ekki gott. Framkvæmd á því var í höndum aðkeypts fræðsluaðila og virðist sem ákvörðun um þjálfunarþætti námskeiðsins hafi verið tekin af fámennum hópi ábyrgðarmanna samningsaðila og fræðsluaðila. Við útfærslu þeirra þjálfunarþátta virðist sem fræðsluaðilinn hafi leitað til kennara og fyrirlesara, sem að hluta til voru alls ókunnir starfssviði sýslumannsembætta. Varð af þessari framkvæmd þjálfunarinnar árekstur milli þátttakenda og kennara. Þegar Starfsmennt hóf starfsemi var setrinu fengið það verkefni að hrinda í framkvæmd 2. og 3. lið samningsákvæðisins um námskeið. Eftir skoðun á ákvæðinu setti Fræðslusetrið Starfsmennt fram tillögu um breytt fyrirkomulag. Lagt var til að ákvæðinu yrði ekki fylgt, heldur myndu samningsaðilar gera með sér nýtt samkomulag sem kvæði á um að smíðað yrði starfsþróunar- og lærdómskerfi fyrir sýslumannsembættin og starfsmenn þeirra, þar sem reglulegt framboð yrði af þjálfunarþáttum sem gögnuðust embættunum og starfsmönnum þeirra. Innihald þjálfunarinnar yrði tryggt með ítarlegri þarfagreiningu og tryggt yrði einnig að kennarar og þjálfarar yrðu þeir bestu sem völ væri á og kennsla þeirra sprytti af þeirri þjálfunarþörf sem búið væri að greina innan stofnananna. Að vandlega athuguðu máli féllust samningsaðilar á að fara þessa leið og endurskoðuðu stofnanasamninginn frá 2001.

Námskeiðin hófust af fullum krafti á haustönn 2005. Mjög mikil ásókn var í námskeiðin þó þunginn væri ólíkur eftir landshlutum. Mikil ánægja hefur ríkt með Járn síðu meðal þátttakenda og embættanna og er verkefnið að mæta bestu væntingum.

Ráðgjöf og ný þjálfunarverkefni

Ráðgjafi að láni

Ráðgjafi að láni hélt áfram á árinu enda reynslan af því verkefni frá árum áður einkar góð. Markmiðið með ráðgjöfinni er að aðstoða stofnanir við greiningu og áætlanagerð í starfsþróunarmálum og endur- og símenntunarþörf starfsmanna. Ljóst er að þátttökustofnanir eru mjög ánægðar með verkefnið. Þjónustan sem þær fá er heildstæð og gagnast sem slík. Í áætlanagerð fyrir verkefni setursins í framtíðinni má taka tillit til þess að í þessu verkefni felast miklir möguleikar til þróunar. Starfsmennt gæti á þessum vettvangi tekið að sér að bjóða fjölbreyttari og yfirgrípsmeiri þjónustu ef réttar forsendur eru fyrir hendi.

Ráðgjafarnir sem veittu ráðgjöfina voru þeir sömu og áður; Gylfi Dalmann, Björgvin Filippusson og Ingrid Kuhlman. Ingrid Kuhlman dró sig í hlé frá verkefninu um stundarsakir og við hennar hlutverki tók Árný Elíasdóttir.

Tilrauna- og þróunarverkefni

Að brúa bilið.

Við síðustu úthlutun Starfsmenntaráðs fengu Starfsmennt og Kompás ehf í samstarfi, styrk að upphæð 1.500.000.- til að vinna að verkefninu Að brúa bilið en umsóknin hljóðaði upp á 5.130.000.-. Verkefnið gekk út á það að safna saman og hanna tól og tæki í verkfærakistu starfsmannastjórnandans innan skipulagsheilda (HRM stjórnendur eða aðrir stjórnendur eftir atvikum sem bera ábyrgð á starfamannahaldi

og –þróun). Verkefnið gekk vel og opnaði enn frekari möguleika á notendavænni framsetningu fyrir markhópin. Aðilar stefna á frekari þróun verkfærakistunnar.

Lokaorð

Starfsemi Fræðslusetursins Starfsmenntar gekk vel á árinu 2005. Starfsemin er að vaxa á grunni eftirspurnar og er góður möguleiki á að styrkja og efla starfið enn frekar. Þegar litið er til verkefna þess síðustu fjögur starfsárin má draga þá ályktun að setrið geti haft mikilvægu hlutverki að gegna á sviði starfsþróunarmála og endur- og símenntunar innan starfsmannahópa og stofnana ríkisins. Þessi staðreynd gefur setrinu góða möguleika á að sækja fram með gæðaþjónustu og úrræði fyrir þjónustuhóp sinn.

Námskeið og námskeiðsstaðir. Listi úr upplýsingakerfi Starfsmenntar (Access).

Námskeið	Staðsetning námskeiðs
Árangursríkar kennsluaðferðir	Reykjavík
Á vettvangi (tungumál) Akureyri	Akureyri
Framrás 1 - Akureyri	Akureyri
Framrás 1 - Akureyri	Akureyri
Framrás 2 - Akureyri	Akureyri
Tölvur og tölvufærni	Allt landið
Dánarbú	Austurland
Lögbókandagerðir	Austurland
Rekspölur I	Höfn Hornafjörður
Rekspölur II	Vestfirðir
Fullnustugerðir	Norðurland
Hlutverk Tryggingastofnunar	Norðurland
Samskipti á kvennavinnustað	Norðurland
Sifjamál	Norðurland
Að þekkja þarfir þjónustupega og veita góða	Reykjavík
Almenn siðfræði og siðfræði starfsins	Reykjavík
Á vettvangi - á starfsstað	Reykjavík
Á vettvangi - Hagnýt enska og latína fyrir læknaritara	Reykjavík
Á vettvangi - Íslenska og íslensk stafsetning	Reykjavík
Á vettvangi - Sjálfsmat og samskipti	Reykjavík
Á vettvangi - Sjálfsmat og samskipti	Reykjavík
Á vettvangi - Tölvur og tölvunotkun í starfi	Reykjavík
Árangursrík þjónusta og samskipti á vinnustað	Reykjavík
Árangursrík þjónusta og samskipti á vinnustað	Reykjavík
Árangursrík þjónusta og samskipti á vinnustað	Reykjavík
Árangursrík þjónusta og samskipti á vinnustað	Reykjavík
Brú félagsliða	Reykjavík
Brú félagsliða	Reykjavík
Brú félagsliða - dreifnám	Allt landið
Brú hjúkrunar- og móttökuritara	Reykjavík
Framrás 1	Reykjavík
Framrás 1	Reykjavík
Framrás 2	Reykjavík
Framrás 2	Reykjavík

Framrás 3	Reykjavík
Framrás 3	Reykjavík
Framrás 3 - Reykjavík	Reykjavík
Framúrskarandi þjónusta	Reykjavík
Hvaða stefna er í gangi hér?	Reykjavík
Innheimta skatta og gjalda	Reykjavík
Lögráðamál	Reykjavík
Rekspölur I	Reykjavík
Rekspölur I	Reykjavík
Rekspölur I	Reykjavík
Rekspölur I	Reykjavík
Rekspölur II	Reykjavík
Rekspölur II	Reykjavík
Rekspölur II	Reykjavík
Rekspölur II	Reykjavík
Saga og hlutverk sýslumanna	Reykjavík
Sjálfsmat og samskipti	Reykjavík
Skýrt og skornort - fyrir starfsfólk	Reykjavík
Skýrt og skornort - fyrir starfsfólk FMST	Reykjavík
Skýrt og skornort - fyrir starfsfólk US	Reykjavík
Skýrt og skornort - fyrir stjórnendur	Reykjavík
Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn	Reykjavík
Starfsmannasamtöl fyrir starfsmenn LSR	Reykjavík
Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur	Reykjavík
Starfsmannasamtöl fyrir stjórnendur LSR	Reykjavík
Starfsmannasamtöl fyrir Umferðarstofu	Reykjavík
Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám	Reykjavík
Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám LSH	Reykjavík
Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnám	Reykjavík
Starfsnám stuðningsfulltrúa-framhaldsnám	Reykjavík
Starfsnám stuðningsfulltrúa-grunnám	Reykjavík
Stjórnsýslulög, upplýsingalög, persónuvernd	Reykjavík
Umsjónarmenn fasteigna	Reykjavík
Umsjónarmenn fasteigna I	Reykjavík
Umsjónarmenn fasteigna II	Reykjavík
Umsjónarmenn fasteigna II	Reykjavík
Umsjónarmenn fasteigna III	Reykjavík

Velliðan í vinnunni	Reykjavík
Vinnufélagarnir - ég og hópurinn	Reykjavík
Vinnufélagarnir - ég og hópurinn	Reykjavík
Þinglýsingar	Reykjavík
Öflug liðsheild og skapandi samskipti	Reykjavík
Framrás 1	Selfoss
Framrás 1- Selfossi	Selfoss
Að þekkja þarfir þjónustupega og veita góða	Suðurland
Lögráðamál	Suðurland
Tímastjórnun	Suðurland
Þinglýsingar	Suðurland
Dánarbú	Vestfirðir
Stjórnsýslulög, upplýsingalög, persónuvernd	Vestfirðir
Öflug liðsheild og skapandi samskipti	Vestfirðir
Að þekkja þarfir þjónustupega og veita góða	Vesturland
Hlutverk Tryggingastofnunar	Vesturland
Saga og hlutverk sýslumanna	Vesturland

Námskeið, staðsetning og vinnustaður. Innskráningar í nýtt kerfi sem tekið var í notkun í október 2005 (ath. að þessi listi er ekki prófarkalesinn heldur eru innskráningar eins og þátttakendur sjálfir skráðu upplýsingar).

Sjálfsmat og samskipti	101 Rvk	BUGL
Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám	101	Dóms- og kirkjumálaráðune
Tölvur og tölvunotkun	101	Landspítali - háskólasjúkrahús
Rekspölur 1 - fyrir hádegi	101	Listasafn Íslands
Rekspölur 1 - fyrir hádegi	101	Lögreglustjórinn í Reykjavík
Framrás 3 - Markviss vinnubrögð og vinnuumhverfi	101	Röntgendeild, LSH
Saga og hlutverk sýslumanna	101	Sýslum. í Reykjavík
Saga og hlutverk sýslumanna	101	Sýslumaðurinn í Reykjavík
Stjórnsýslulög, upplýsingalög og lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga	101	Sýslumaðurinn í Reykjavík
Tölvur og tölvunotkun	101	Tollstjórinn í Reykjavík
Starfsmannasamtöl - námskeið fyrir stjórnendur	101	Tryggingastofnun ríkisins
Tölvur og tölvunotkun	104	Landsbókasafn-Háskólabókasafn Þjóðarbókhlaða
Vinnufélagarnir - ég og hópurinn	104	Landsbókasafn-Háskólabókasafn Þjóðarbókhlaða
Sjálfsmat og samskipti	104	Landspítali háskólasjúkrahús
Rekspölur 1 - fyrir hádegi	104	Lögreglustjórinn í Reykjavík
Saga og hlutverk sýslumanna	104	Sýslum.Reykjavík
Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám	104	Sýslum.Reykjavík
Almenn siðfræði og siðfræði starfsins	104	Sýslumaðurinn í Reykjavík
Lögráðamál	104	Sýslumaðurinn í Reykjavík
Öflug liðsheild og skapandi samskipti	104	Sýslumaðurinn í Reykjavík
Starfsmannasamtöl fyrir Umferðarstofu	104	Umferðarstofa
Rekspölur 2	104	Þjóðarbókhlaða
Rekspölur 2	104	Þjóðarbókhlaða
Rekspölur 2	104	Þjóðarbókhlaða
Tölvur og tölvunámskeið	104	Þjóðarbókhlaða
Starfsmannasamtöl - námskeið fyrir stjórnendur	104	Þjóðleikhúsið
Almenn siðfræði og siðfræði starfsins	105 Reykjavík	Sýslumaðurinn í Reykjavík
Saga og hlutverk sýslumanna	105 Reykjavík	Sýslumaðurinn í Reykjavík
Lögráðamál	105 Reykjavík	Sýslumaðurinn í Reykjavík

Starfsmannasamtöl - námskeið fyrir starfsmenn	105	Háskóli Íslands
Starfsnám stuðningsfulltrúa - grunnnám	105	Málefni fatlaðra Reykjavík
Rekspölur 2 - eftir hádegi	105	Raunvísindastofnun Háskóla Ísl.
Starfsmannasamtöl - fyrir starfsmenn LSR	105	Siglingastofnun Íslands
Tölvur og tölvunotkun	105	Skógrækt ríkisins
Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám	105	Svæðisskrifstofa Reykjavíkur
Tölvur og tölvunámskeið	105	Tollstjórinn í Reykjavík
Tölvur og tölvunámskeið	105	Umhverfisstofnun
Tölvur og tölvunotkun	105	Veðurstofan
Rekspölur 1 - fyrir hádegi	105	Vinumálastofnun
Tölvur og tölvunotkun	107 Reykjavík	Reiknistofnun Háskóla Íslands
Rekspölur 2 - fyrir hádegi	107	Landspítalinn
Tölvur og tölvunotkun	107	Orkustofnun
Tölvur og tölvunotkun	107	Orkustofnun
Starfsmannasamtöl - námskeið fyrir starfsmenn	107	Rannsóknamiðstöð Íslands
Tölvur og tölvunotkun	107	Raunvísindastofnun HÍ - ASKJA
Tölvur og tölvunámskeið	107	SFR - stéttarfélag
Starfsnám stuðningsfulltrúa - framhaldsnám	107	Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi
Þinglýsingar	107	Sýslumaðurinn í Reykjavík
Þinglýsingar	107	Sýslumaðurinn í Reykjavík
Saga og hlutverk sýslumanna	107	Sýslumaðurinn í Reykjavík
Að þekkja þarfir þjónustupega og veita góða þjónustu	107	Sýslumaðurinn í Reykjavík
Lögráðamál	107	Sýslumaðurinn í Reykjavík
Öflug liðsheild og skapandi samskipti	107	Sýslumaðurinn í Reykjavík
Stjórnsýslulög, upplýsingalög og lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga	107	Sýslumaðurinn í Reykjavík
Starfsmannasamtöl fyrir Umferðarstofu	107	Umferðarstofa
Starfsmannasamtöl fyrir Umferðarstofu	107	Umferðarstofa
Starfsmannasamtöl fyrir Umferðarstofu	107	Umferðarstofa
Starfsmannasamtöl fyrir Umferðarstofu	107	Umferðarstofa
Tölvur og tölvunámskeið	107	Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins
Starfsmannasamtöl fyrir Umferðarstofu	108	Brunamálastofnun
Tölvur og tölvunámskeið	108	Brunamálastofnun

Velliðan í vinnunni?	108	Ísor
Starfsmannasamtöl - námskeið fyrir starfsmenn (opið öllum)	108	Ísor
Tölvur og tölvunámskeið	108	Landhelgisgæsla Íslands
Tölvur og tölvunotkun	108	Landspítali Háskólasjúkrahús
Rekspölur 2 - eftir hádegi	108	Landspítali Háskólasjúkrahús
Sjálfsmat og samskipti	108	Landspítalinn
Starfsmannasamtöl - námskeið fyrir stjórnendur	108	Persónuvernd
Vinnufélagarnir - ég og hópurinn	108	Rafmagnsveitur ríkisins
Tölvur og tölvunotkun	108	Sjónstöð Íslands
Tölvur og tölvunámskeið	108	Styrktarfélag vangefinna
Innheimta skatta og gjalda	108	Sýslumaðurinn í Kópavogi
Innheimta skatta og gjalda	108	Sýslumaðurinn í Kópavogi
Lögráðamál	108	Sýslumaðurinn í Kópavogi
Öflug liðsheild og skapandi samskipti	108	Sýslumaðurinn í Kópavogi
Öflug liðsheild og skapandi samskipti	108	Sýslumaðurinn í Kópavogi
Almenn siðfræði og siðfræði starfsins	108	Sýslumaðurinn Reykjavík
Lögráðamál	108	Sýslumaðurinn Reykjavík
Stjórnsýslulög, upplýsingalög og lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga	108	Sýslumaðurinn Reykjavík
Starfsmannasamtöl fyrir Umferðarstofu	108	Umferðarstofa
Tölvur og tölvunotkun	108	Úrskurðarnefnd byggingarmála
Framúrskarandi þjónusta	108	Útlendingastofnun
Starfsmannasamtöl - námskeið fyrir starfsmenn	108	Veðurstofa Íslands
Tölvur og tölvunotkun	109	atvinnulaus
Tölvur og tölvunámskeið	109	atvinnulaus
Sjálfsmat og samskipti	109	Einkaleyfastofan
Rekspölur 2 - eftir hádegi	109	Fjármálaeftirlitið
Rekspölur 2	109	Heilsugæslan í Reykjavík
Tölvur og tölvunámskeið	109	Krabbameinslækningadeild K-byggingu Landspítala Hringbraut
Tölvur og tölvunámskeið	109	Landsbókasafn Íslands
Tölvur og tölvunotkun	109	Orkustofnun
Tölvur og tölvunámskeið	109	Sjálfsbjargarheimilið
